

A 1876/presidiet

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um norrænt samstarf varðandi stefnu ESB í málefnum Norðurslóða**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efna til hringborðsumræðna með fulltrúum allra aðildarlanda Norðurlandaráðs, Norðurskautsráðsins, Vestnorræna ráðsins og ESB-nefnda auk fulltrúa ríkisstjórnanna áður en fjallað verður um nýja stefnu ESB í málefnum Norðurslóða.

Bakgrunnur

Norðurlönd gegna mikilvægu hlutverki á og fyrir Norðurslóðir nú og á komandi árum. Norðurlönd eru framsækin jafnt í markmiðasetningu sem aðgerðum þegar kemur að loftslagsmálum, líffræðilegri fjölbreytni, bláu atvinnulífi og inngildingu innfæddra og frumbyggja á Norðurslóðum. Samhliða þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa á forsendur fyrir flutningum og ýmsum atvinnugreinum eykst áhugi heimsins á Norðurslóðum og samvinna um sjálfbæra framtíð verður æ miilvægari.

Norðurlandaráð tók þátt í opnu samráðsferli ESB árið 2020 vegna uppfærslu á stefnu ESB í málefnum Norðurslóða á árinu 2021. Þegar sjónarmiðum þjóðþinganna var safnað saman vegna erindis Norðurlandaráðs kom í ljós að ekki hefur verið vani að tala einni röddu um málefni Norðurslóða. Þar sem stefna ESB verður kynnt fyrir (norrænum) aðildarþjóðum ESB á næstkomandi ári þurfa Norðurlönd að koma sér saman um nálgun á sameiginlega hagsmuni áður en hægt verður að gefa ákveðin svör við stefnunni.

Því lýsir flokkahópur miðjumanna eftir **sameiginlegum umræðum** eða hringborðsumræðum til að taka saman einstök forgangsatríði og reyna að ná sameiginlegri sýn á það hvað Norðurlönd sem svæði skuli leggja áherslu á, einkum hvað ESB viðvikur.

Kommenterede [HH1]: Má ekki sleppa þessu líka?

Kommenterede [HH2]: forum: vettvangi?

Fjarfundir, 12. apríl 2021

Anders Eriksson (ÁF)
Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Arman Teimouri (L)
Bertel Haarder (V)
Edmund Joensen (sb)
Erling Bonnesen (V)
Heidi Greni (Sp)
Inga Sæland (Flf)
Jaspur Langgaard (sb)
Joakim Strand (sv)
Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Linda Modig (C)
Magnus Ek (C)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Ole André Myhrvold (Sp)
Rebecka Le Moine (grænum)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Simon Holmström (HI)
Torhild Bransdal (KrF)